

## Lyfjaskírteini - vinnuregla

### Geðrofslyf

ATC flokkur: N05A

Dagsetning: 7. október 2016

---

#### Almenn greiðsluþáttaka:

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmustu pakkninga skammtaðra lyfjaforma í ATC flokknum N05A og eru þær G-merktar í lyfjaverðskrá. Sé þeim pakkningum ávísað á lyfseðli þarf ekki að sækja um lyfjaskírteini (\*undantekning, sjá hér að neðan).

Ef hagkvæmustu lyfin reynast ófullnægjandi eða ekki valkostur getur læknir sótt um lyfjaskírteini fyrir öðrum lyfjum. Í umsókn þarf að rökstyðja hvers vegna hagkvæmstu geðrofslyfjunum sé ekki ávísað. Undantekning er fyrir börn með eftirfarandi sjúkdómsgreiningar, þá er nóg að skrá sjúkdómsgreininguna og nafn lyfs:

- Hegðunarröskun ICD-10 F91
- Gagntæka þroskaröskun ICD-10 F84
- Kækjaraskanir ICD-10 F95
- Áráttu- þráhyggjuröskun ICD-10 F42

Lyfjaskírteini er gefið út fyrir ákveðið lyf. Greiðsluþáttaka fer þá samkvæmt „þrepakerfinu“.

**\*Full greiðsluþáttaka sjúkratrygginga:** Einstaklingar með eftirfarandi sjúkdóma fá lyf í ATC flokki N05A að fullu greidd af sjúkratryggingum. Læknir þarf að sækja um lyfjaskírteini og er nóg að skrá sjúkdómsgreininguna í umsókn.

F20–F29 Geðklofi, geðklofagerðar- og hugvilluraskanir  
F30 Geðhæðarlota  
F31 Tvíhverfar lyndisraskanir  
F32.3 Alvarleg geðlægðarlota með geðrofseinkennum  
F33.3 Endurtekin geðlægðarröskun, yfirstandandi lota alvarleg með geðrofseinkennum

Lyfjaskírteini er gefið út á ATC flokk – N05A. Lyf í þessum flokki eru að fullu greidd af sjúkratryggingum og falla þau því fyrir utan „þrepakerfið“.

**Gildistími:** 5 ár